

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

1. fundur 30. janúar 2023, fundargerð.

Mánudaginn 30. janúar 2023 var haldinn 1. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) á árinu 2023 og hófst hann kl. 16:30.

Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson og Svanur Karl Grétarsson. Jóna Sæmundsdóttir er boðuð á fundinn í forföllum Ingibjargar Hauksdóttur. Svanur Karl boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Rikharður F. Friðriksson og Árni Davíðsson.

1 Skipulagsmál

1.1 Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar, óbyggð svæði í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Garðabæ frá 12. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um skipulagslýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til óbyggðs svæðis í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð sem liggur að bæjarmörkum við Kópavog. Fyrirhuguð breyting felst í breytingu á landnotkun í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð á svæði sem verður innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins með breytingu á Svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem gerð verður samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Unnið er að uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar í Garðabæ m.a. með endur nýtingu athafnasvæða í grennd við miðbæ.

Bókun:

Til umsagnar er tillaga að breyttu Aðalskipulagi Garðabæjar. Til að sú breyting geti orðið að veruleika þarf áður að breyta Svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Í skipulagslýsingu er gerð grein fyrir efni væntanlegrar umhverfismatsskýrslu. Umsögn heilbrigðisnefndar og greinargerð fjallar um væntanleg efnistöð ef breytingar á svæðaskipulagi fást samþykktar.

Í matsskýrslu þarf að gera ítarlegri grein fyrir vegtengingum við væntanlegt athafnasvæði en ætla má af skipulagslýsingu. Rýna þarf hvort Elliðavatnsvegur, Flóttamannavegur geti annað aukinni umferð og þá ekki síst óhjákvæmilega aukinni þungaumferð og hvaða leiðir eru til lausnar. Hliðstætt gildir um vegtengingar við Kópavog og ef aðrar leiðir eru mögulegar.

Í matsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir fráveitumálum eins og fram kemur í lýsingunni. Vel útfærðar blágrænar ofanvatnslausnir gæti orðið hluti af heildarlausn en gera þarf ítarlega grein fyrir mögulegum lausnum á öðrum fráveitumálum hverfisins.



1.2 Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar dags. 12. desember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um áformaða landnotkun á fyrri stigum og þar sem heimilaðar framkvæmdir eru á þegar röskuðu hrauni gerir nefndin ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

1.3 Umsögn um matsskyldu vegna færsla á Hamraneslínunum 1 og 2.

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun dags. 16. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á erindi Landsnet til Skipulagsstofnunar er varðar flutning á Hamraneslínunum 1 og 2. Framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt lög um mat á umhverfisáhrifum og áætlan nr.111/2021 (skv. flokki B, viðauki 2). Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin sé matsskyld en óskar eftir álitni heilbrigðisnefndar. Frestur til að veita umsögn var til 19. janúar en Skipulagsstofnun veitti frest til 2. febrúar.

Erindi Landsnets fylgdi greinargerð, „Fyrirspurn um matsskyldu, breytingar á Hamraneslínunum 1 og 2 dags. 13.12.2022, unnin af Mannviti.

Bókun:

Nefndin hefur yfirfarið erindi Landsnets. Nefndin telur að í matsskyldufyrirspurn sé áformaðri framkvæmd nægjanlega lýst sem og umfangi og nauðsynlegum mótvægisaðgerðum. Heilbrigðisnefnd gerir ekki kröfu um að boðuð framkvæmd fari í umhverfismat.

Komi til boðaðrar framkvæmda er athygli Landsnets vakin á tveimur verkþáttum sem þarf að hafa sérstaklega í huga við skipulagningu framkvæmdar.

- A. *Áformuð lagnaleið liggur líkast til yfir gamlan sorpurðunarstað í Hamranesi. Sorp sem þar kann að verða grafið upp þarf að farga á viðurkenndum sorpurðunarstað.*
- B. *Áformuð lagnaleið mun þvera Kaldárselsveg og Gráhelluhraun og þar með liggja þvert á stofnlögn vatnsveitunnar frá Kaldárbotnum.*

1.4 Umsögn um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna færsla á Hamraneslínunum 1 og 2.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 13. desember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða lagningu jarðstrengs frá Gráhelluhrauni að tengivirki í Hamranesi. Erindi Umhverfis- og skipulagssviðs, fylgir greinargerð, „Breyting á Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, Færsla Hamraneslínunum 1&2, Skipulags og matslýsing dags. 1.12.2022 unnin af Berglinði Guðmundsdóttur landslagsarkitekt. Fram kemur að hluti núverandi línustæðis liggur innan þéttbýlismarkna Hafnarfjarðar og þverar svæði sem hefur verið deiliskipulagt sem íbúðasvæði. Við framkvæmdina verða línurnar færðar út fyrir áformaðar byggingar í deiliskipulagi. Í

The page contains several handwritten signatures and initials in blue ink. There are three distinct signatures: one at the top right, one in the middle right, and one at the bottom right. The signature in the middle right includes the initials 'B-1' written below it.

skipulagslýsingu er vísað til fjölmargra þátta sem þurfi skoðunar við. Svör við veigamestu spurningunum má þegar finna í matsskyldufyrirspurn Landsnets.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið erindi skipulagsins í Hafnarfirði. Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

1.5 Umsögn um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Hamranes M3, breyting á Aðalskipulagi.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 25. nóvember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Vegna fjölgunar íbúða í Hamranesi.

Tillaga að bókun

Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn áformaðri breytingu sbr. bókun heilbrigðisnefndar frá 28. nóvember 2022. Vakin er athygli á að mikilvægt er að huga að afkastagetu veitukerfa samhliða breytingu á íbúafjölda.

1.6 Umsögn um breytingar á skipulagi Krikahverfis, þar sem skilgreint er svæði fyrir brettavöll.

Lagt fram erindi frá verkefnastjóra skipulagsmála Mosfellsbæjar þar sem lögð er fram breytingatillaga fyrir skipulagi Krikahverfis sem er breytt þannig að skilgreint verði svæði fyrir brettavöll milli Reykjavegar og battavallar Krikaskóla. Stærð svæðis er um 600 m² er völlurinn aðlagður að umhverfinu svo hann falli vel að landi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

1.7 Umsögn um breytingar á deiliskipulagi Háeyrar við Reykjalandarveg.

Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar um breytingar á deiliskipulagi Háeyrar við Reykjalandarveg. Tillagan fellur í sér að skipulag fyrir tvö ný 450 fm einbýlishús að Háeyri 1 og 2 verði breytt svo byggja megi tvö parhús, fjórar 225 fm einingar.

Bókun:


Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn breytingu á deiliskipulagi fyrir Háeyri.

2 Önnur mál

2.1 Viðbragðsáætlun um verndun loftgæða

Lögð fram endurskoðun á viðbragðsáætlun um bætt loftgæði á starfssvæði heilbrigðisnefndar. Við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða er þörf á að bæta við fulltrúum í viðbragðsteymi HEF frá Mosfellsbæ og Seltjarnanesi. Viðbragðsteymið hélt fund 16. janúar sl og var samþykkt á fundinum að fara yfir hreinsun gatna og rykbindingu stofnvega í þéttbýli með Vegagerðinni.

Bókun:

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature, a smaller signature, and the initials 'B.I.'

Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir framlagða áætlun. Framkvæmdastjóra er falið að gera breytingar með hliðsjón af umræðum á fundinum og leggja hana fram til afgreiðslu á næsta fundi.

2.2 Olíumengun frá bensinstöð Costco

Lögð fram greinargerð um olíumengun frá bensinstöð Costco sem uppgötvaðist þann 30. desember s.l. sem leiddi til þess að nokkuð magn olíu fór í fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd harmar það mengunarslys sem varð við leka frá bensinstöð Costco og að ekki hefði tekist að koma í veg fyrir svo mikinn leka. Ljóst er að ákvæði starfsleyfis fyrirtækisins hefur ekki verið fylgt og er nauðsynlegt að fyrirbyggja að slíkt óhapp komi fyrir aftur. Ljóst er að ekki hefur verið fylgt reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi s.s. að vera með virkum lekaviðvörðunarbúnaði og að virkt birgðauppgjör hafi verið til staðar til að tryggja lekaeftirlit.

Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um skýringar og upplýsingar frá rekstraraðila þar sem m.a. er óskað eftir upplýsingum úr birgðabókhaldbi um áætlað magn sem hugsanlega hefur farið í fráveitukerfið, hafa þær ekki borist. Heilbrigðisnefnd heimilar framkvæmdastjóra að beita þvingunaraðgerðum í samræmi við lög nr.7/1998 þar sem aðili hefur ekki sinnt fyrirmælum innan þess frests sem heilbrigðiseftirlitið hefur veitt.


Linda Hrönn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Jóna Sæmundsdóttir


Bjarni Ingimarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

3 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 30. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1 Litlatún 3, Garðabær– veitingastaður

Lögð fram umsókn Auðbergs Hálfðánarsonar f.h. Yuzu ehf., kt. 640818-0500, dags. 17.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Litlatúni 3, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2305334. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.2 Fjarðargata 9A, Hafnarfjörður – Veitingaverslun

Lögð fram umsókn Péturs Viðarssonar f.h. Manning ehf. (Pylsubarinn) kt. 6405962799, dags. 21.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skyndibitastað að Fjarðargötu 9A, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2227184. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.29.11.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.11.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 23.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.3 Flatahraun 21, Hafnarfjörður – Veitingaverslun

Lögð fram umsókn Sindra Þórs Jónssonar f.h. Flottborgar kt. 621122-0530, dags. 28.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til veitingasölu í Nýju Sjoppunni að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074785. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags.18.10.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.4 Móhella 5G, Hafnarfjörður – heildsala með drykkjarföng

Lögð fram umsókn Ólafs Haraldssonar f.h. Ungverska félagið ehf., kt.680922-0550, dags. 13.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu með drykkjarföng í neytendaumbúðum að Móhelli 5G, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2517919. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2022

Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 23.11.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 29.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.5 Háholt 13, Mosfellsbær – veitingastofa

Lögð fram umsókn Stefáns Andra Lárussonar, f.h. Pizzan ehf., kt. 681016-1200, dags. 16.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Háholti 13, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.11.2022. Jákvætt svar með fyrirvara um lokaúttekt 22.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.6 Litlatún 3, Garðabær– veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Yuzu ehf., kt. 640818-0500 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II að Litlatúni 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2305334. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2022.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 30.11.2022.

3.7 Auðnukór 2, Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. HAG bílar ehf., kt. 450210-0480 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II að Auðnukór 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2314643.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.11.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.11.2022. *Með tilliti til svars byggingafulltrúa veitir Heilbrigðiseftirlitið neikvæða umsögn.*

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 7. desember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.8 Brattakinn 18, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Eyrúnar Gísladóttur, kt. 240268-5239, dags. 06.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu að Brattakinn 18, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2073716. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.9 Gjótuhraun 6B, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Alexander Kost f.h. Alex-sprautun ehf., kt.530922-1110, dags. 28.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til húsgagnasprautuverkstæði að Gjótuhrauni 6B, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2240176. Ný starfsemi. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 7.12.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.10 Norðurbakki 25d, Hafnarfjörður – færanleg matvælastarfsemi

Lögð fram umsókn Péturs Jónssonar f.h. Ps-81 ehf., kt.601022-1170, dags. 22.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn. Lögheimili starfseminnar er að Norðurbakka 25d, Hafnarfirði. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.11 Auðnukór 2, Kópavogur– gististaður

Lögð fram umsókn Hauks Gottskálkssonar f.h. HAG bílar ehf., kt. 450210-0480, dags. 20.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Auðnukór 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2314643.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.10.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.11.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða og svars byggingafulltrúa er starfsleyfisumsókn synjað.

3.12 Laxalind 6, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Gerðar Ríkharðsdóttur f.h. ECO Life ehf., kt.551118-0530, dags. 22.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla frá viðurkenndri vörugeymslu. Lögheimili starfseminnar er að Laxalind 6, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 6.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.13 Nýbýlavegur 10b, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Guðnýjar Hrundar Þórðardóttur f.h. Góður Matur ehf., kt. 711022-0660 dags. 31.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla frá Álfasögu ehf. Lögheimili starfseminnar er að Nýbýlavegi 10b, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 6.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.14 Æðarhöfða 36, Mosfellsbær – veitingastaður

Lögð fram umsókn Grétars Matthíassonar, f.h. GGG Veitingar ehf., kt. 471022-1360, dags. 30.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Æðarhöfða 36, Mosfellsbær. Fasteignanr. F2330800. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.15 Strandgata 6, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2022, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Bæjarbíós kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 10.12.2022 frá kl.17:00-03:00 í Bæjarbíó að Strandgötu 6, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 08.12.2022.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.16 Æðarhöfði 36, Mosfellsbær – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. GGG veitingar ehf., kt. 471022-1360 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í fl. II, að Æðarhöfða 36 Mosfellsbæ. fnr.2330800. Eftirlitsskýrsla dags. 02.12.2022.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 07.12.2022.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.17 Langitangi 1, Mosfellsbær – eldsneytis og smásöluverslun

Lögð fram umsókn fyrir Olís Langatanga, kt. 500269-3249, dags. 06.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásöluverslun að Langatanga 1, Mosfellsbæ. Eftirlitsskýrsla dags. 07.12.2022.

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 14. desember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.18 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – söluturn

Lögð fram umsókn Sverris Gunnarssonar, f.h. Urriðafoss ehf /Drekinn, kt. 620104-2560, dags. 07.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074337. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 29.7.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.19 Dofrahella 3, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Arnold Cruz, f.h. AB Cruz ehf., kt. 640322-0710, dags. 19.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Dofrahellu 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2514964. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 5.12.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.09.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.10.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.20 Helluhraun 1, Hafnarfirði – söluturn

Lögð fram umsókn Óttars Þórarinssonar f.h. ÞR ehf., kt.620310-0770, dags. 07.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Helluhrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2243625. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 12.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.21 Stapahraun 3, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hákonar Hovdenak, f.h. Hovdenak Distillery ehf., kt.581018-0530, dags. 22.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Stapahrauni 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079291. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 9.12.2022.

Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 06.12.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 07.12.2022. *Með vísun til ákvæða matvælaeðgæðingur er starfsleyfi samþykkt.*

3.22 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Unnar Guðríðar Indriðadóttur, f.h. Djús ehf., kt. 611112-1140, dags. 08.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Lemon, staðsettur í Hagkaup Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.23 Lækjargata 46, Hafnarfjörður – eldsneytis og smásöluverslun

Lögð fram umsókn fyrir N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 08.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásöluverslun að Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.10.2022. *Leyfisveiting staðfest.*

3.24 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – eldsneytis og smásöluverslun

Lögð fram umsókn fyrir N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 08.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásöluverslun að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.10.2022.

Leyfisveiting staðfest.

3.25 Stórahjalli 2, Kópavogur – eldsneytis og smásöluverslun

Lögð fram umsókn fyrir N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 08.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásöluverslun að Stórahjalla 2, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.5.2021.

Leyfisveiting staðfest.

3.26 Háholt 2, Mosfellsbær – eldsneytis og smásöluverslun

Lögð fram umsókn fyrir N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 08.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásöluverslun að Háholti 2, Mosfellsbæ. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 7.12.2022.

Leyfisveiting staðfest.

3.27 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – söluturn

Lögð fram umsókn Sverris Gunnarssonar, f.h. Urriðafoss ehf./Drekinn, kt. 620104-2560, dags. 07.12.2022, þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturn að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074337. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 29.7.2022.
Leyfisveiting staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.28 Minna Mosfell 2, Mosfellsbær – niðurrif

Lögð fram skráning Jóhannesar Einars Valberg kt. 140277-4609, dags. 07.12.2022 þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi á Asbesti að Minna Mosfelli 2, Mosfellsbæ.
Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 21. desember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.29 Garðatorg 4b, Garðabær– veitingastaður

Lögð fram umsókn Jóhönnu Helgadóttur f.h. MHG 10 ehf., kt. 580822-0880, dags. 24.10.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Garðatorgi 4b, Garðabæ. Eigendaskipti. Fasteignanr. F2351680. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.30 Vífilsstaðir Sjúkrahús, Garðabær– heilsuvernd

Lögð fram umsókn Teits Guðmundssonar f.h. Heilsuvernd Vífilsstaðir ehf., kt. 670922-0570, dags. 17.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir öldrunarþjónustu að Vífilsstöðum, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2508079. L228577. Eftirlitsskýrsla dags. 5.4.2022.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs.

3.31 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður – búsetuúrræði

Lögð fram umsókn Helgu Hrannar Óskarsdóttur f.h. Vinnumálastofnunar., kt.700594-2039, dags. 05.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húsnæðisúrræði að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074274,F2074275,F2074276,F2074277. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 21.12.2022.
Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 12.12.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.12.2022.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára

3.32 *Eskivellir 17, Hafnarfjörður– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Kamillu Þallar Finnbogadóttur f.h. Grænmetismarkaðurinn ehf., kt. 470322-1010, dags. 07.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Eskivöllum 17, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2312136. Dreifing frá vöruhóтели Eimskips. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.33 *Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður – Búsetuúrræði*

Lögð fram umsókn Helgu Hrannar Óskarsdóttur f.h. Vinnumálastofnunar., kt.700594-2039, dags. 05.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húsnæðisúrræði að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078682,F2078684,F2078687,F2078688,F2226784,F2226785,F2301250. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 21.12.2022.

Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 06.12.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 07.12.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.34 *Garðatorg 4B, Garðabær– veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. MHG10 ehf., kt. 580822-0880 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. ll að Garðatorgi 4B, Garðabæ. fnr.F2351680. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 21.12.2022.

3.35 *Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM veitinga ehf., kt. 540709-0330 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir jóla, áramóta og nýársgleði þann 26.12.2022 frá kl.00-04:00 til aðfaranótt 01.01.2023 í Ölhúsinu að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 150 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.

Jákvæð umsögn staðfest. 21.12.2022.

3.36 *Við Arnarnesvog, Garðabær – brenna*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Stjörunnar, kt. 611175-0199 þar sem sótt er um leyfi fyrir brennu, þann 31.12.2022 frá kl. 21.00 við Arnarnesvog.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.37 Við Leirvog, Mosfellsbær – brenna

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Afturelding, kt. 460974-0119 þar sem sótt er um leyfi fyrir brennu, þann 31.12.2022 frá kl. 20.30, neðan Holtahverfis við Leirvog, Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.38 Við Leirvog, Mosfellsbær – brenna

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Mosfellsbæjar, kt. 470269-5969 þar sem sótt er um leyfi fyrir brennu, þann 06.01.2023 frá kl. 18.00 neðan Holtahverfis við Leirvog, Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.39 Valhúsaæð, Seltjarnarnes – brenna

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Seltjarnarnesbæjar kt. 560269-2429 þar sem sótt er um leyfi fyrir brennu, þann 31.12.2022 frá kl. 20.30 við Valhúsaæð Seltjarnarnesi.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.40 Arnarnesvogur, Garðabær – flugeldasýning

Lögð fram skráning Gísla Símonarsonar f.h. Hjálpasveit skáta Garðabæ., kt. 431274-0199, dags. 29.11.2022 þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu 31.12.2022 kl. 21.00 við Arnarnesvog, Garðabæ.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

3.41 Glaðheimar v/Reykjanesbraut – flugeldasýning

Lögð fram skráning Söndru Ýr Andrésdóttur f.h. Hjálpasveit skáta Kópavogi., kt. 410271-0289, dags. 15.12.2022 þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu 31.12.2022 kl. 21.00 við Glaðheima við Reykjanesbraut, Kópavogi.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

3.42 Völuteigur 23, Mosfellsbær – flugeldasýning

Lögð fram skráning Guðmundar Vignis Þórðarsonar f.h. Björgunarsveitin Kyndill., kt. 500377-0709, dags. 25.11.2022 þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu 06.01.2023 við Leirvoginn, Mosfellsbæ.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 4. Janúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.43 Auðbrekka 4, Kópavogi – Matvöruverslun

Lögð fram umsókn Mohammed Shihab Wahid kt. 110601-3600, dags. 27.07.2022, f.h. Kurdish ehf. kt. 590722-1030, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun í Auðbrekku 4 í Kópavogi. Fasteignanr. F2058809. Ný starfsemi. (nýr rekstraraðili). Eftirlitsskýrsla dags. 30.08.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.08.2022. Neikvætt svar byggingafulltrúa.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs á meðan unnið er að uppfylla kröfur byggingarfulltrúa.

3.44 Furugrund 68, Kópavogur– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Kristínar Amy Dyer, f.h. Dyer ehf., kt. 640119-1950 dags. 23.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla og snyrtivara. Lögheimili að Furugrund 68, Kópavogi. Dreifing frá vöruhúsi Gorilla. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.01.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.45 Breiðumýri, Garðabær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lionsklúbbsins Álfanesi kt. 690385-0669 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorrabloti þann 04.02.2023 frá kl.18:00-03.00 í íþróttamiðstöðinni Álfanesi, Breiðumýri, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.46 Lyngmóar 1, Garðabær– gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Guðmundar Þórs Guðmundssonar kt. 080895-2839 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II að Lyngmóum 1, Garðabæ. fnr. F2071478.

Neikvæð umsögn þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

3.47 Kaplakriki, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Katrínar S. Kristjónu Hjartardóttur kt. 210790-2259 þar sem sótt er um tímabundið

tækifærisleyfi fyrir Söngvakeppni framhaldsskólanna þann 01.04.2023 frá kl.18:00-01:00 aðfaranótt 03.04.2023 í Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1500 manns. Aldur 16-21. *Jákvæð umsögn staðfest.*

3.48 Kaplakrika, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablóti, þann 13.01.2023 frá kl.19:00-03:00 í Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 800 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.49 Háholt 2, Mosfellsbær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.12.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Hlégarður ehf., kt. 650215-0870 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 01.01.2023 frá kl.00:00-05:00 í Hlégarði, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 500 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 01.12.2022.

Jákvæð umsögn staðfest 23.12.2022.

3.50 Skólabraut 2-4, Mosfellsbær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Ungmennafélagið Afturelding kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablóti, þann 21.01.2023 frá kl.19:00-04:00 í Íþróttamiðstöðinni Varmá, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.51 Suðurströnd 2-8, Seltjarnarnes - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Íþróttafélagið Gróttu kt. 700371-0779 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablót, þann 28.01.2023 frá kl.18:00-03:00 í Íþróttamiðstöðinni Gróttu, Suðurströnd 2-8, Seltjarnarnesi. Áætlaður gestafjöldi 450 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.52 Holtasmári 1, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram skráning Elísar Kristínar Arnardóttur, f.h. Radix rótþyllingar ehf., kt. 660722-0410, dags. 27.12.2022, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Holtasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2241742. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.12.2022.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.53 Flatahraun 21, Hafnarfjörður – söluturn

Lögð fram umsókn fyrir Flottborg ehf., Nýja sjoppan kt. 621122-0530, dags. 04.01.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturn að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Eftirlitskýrsla dags. 06.01.2023.

Leyfisveiting staðfest.

3.54 Auðbrekka 4, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Family Market, kt. 590722-1030, dags.01.12.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun Auðbrekku 4, Kópavogi.

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 11. Janúar 2023.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.55 Ásvellir, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablóti þann 11.02.2023 frá kl.19:00-03:00 í íþróttahúsinu Ásvöllum, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.56 Vallakór 12-14, Kópavogur - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélag Kópavogs kt. 630981-0269 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablóti þann 20.01.2023 frá kl.18.30-02:00 í íþróttahúsinu Kórnum, Vallakór 12-14, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 2600 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.57 Bókasafn Mosfellsbæjar

Lagt fram erindi frá Bókasafni Mosfellsbæjar þar sem sótt er um leyfi fyrir því að veita hundum aðgang að bókasafninu dags. 28.01.2023 og 29.04.2023.

Jákvæð umsögn veitt.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.58 Búðarkór 1, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Nettó., kt. 571298-3769, dags. 08.01.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun að Búðarkór 1, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2022. *Leyfisveiting staðfest.*

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 18. janúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.59 Breiðvangur 42, Hafnarfjörður– leikskóli

Lögð fram umsókn Lindu Bjarkar Halldórsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 15.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Álfaberg að Breiðvangi 42, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074059. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 18.01.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

3.60 Ölduslóð 40, Hafnarfjörður– dagvistun

Lögð fram umsókn Dagnýjar Helgadóttur f.h. Vinakot ehf., kt. 701105-0870, dags. 10.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dagvistun barna að Ölduslóð 40, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080895. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.11.2022. Sent á byggingafulltrúa dags. 17.01.2023, jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 17.01.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

3.61 Bláfjöll, Kópavogur – kvikmyndataka – tímabundið leyfi

Lögð fram umsókn Birkis Grétarssonar, f.h. Álfur Production., kt. 660422-3230, dags. 15.01.2023, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir kvikmyndatökur í Bláfjöllum, þann 17.01.2023 frá kl. 23.00 – 02.30. Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á vatnsverndarsvæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt fyrir tímabilið 17.01.2023 – 18.01.2023.

3.62 Hrauntunga 54, Kópavogur – skammtímavistun

Lögð fram umsókn Brynju Eyþórsdóttur f.h. Kópavogsbær, kt. 700169-3759, dags. 05.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skammtímavistun fyrir fötluð börn að Hrauntungu 54, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr. F2062762. Eftirlitsskýrsla dags. 11.01.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.63 Helgadalur, Mosfellsbær – dýragæsla

Lögð fram umsókn Jóns Péturssonar f.h. Félag vargveiðimanna Helgadal kt. 500510-2860, dags. 09.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dýragæslu fyrir minkahunda í Helgadal Mosfellsbæ, Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.64 Skólabraut 8, Garðabær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Stjörnunna kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir þorablóti þann 20.01.2023 frá kl.19:00-02:30 í íþróttahúsinu Mýrinni Skólabraut 8, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 1100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.65 Kaplahraun 15, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar Eiríkssonar f.h. 1202 ehf., kt.470421-2430, dags. 19.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bílrúðþjónustu að Kaplahrauni 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076801. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.11.01.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

3.66 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Erlings Ingvarssonar f.h. Jórsalir ehf., kt.460401-2320, dags. 11.01.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir tannlæknastofu að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2231177. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.01.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 25. janúar 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.67 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður– samkomuhús

Lögð fram umsókn Ingibjargar Valgeirsdóttur f.h. Vinnumálastofnun, kt. 700594-2039, dags. 16.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir virkniúrræði að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078682. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.01.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.68 Dalvegur 16b, Kópavogur– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Björns Þórs Reynissonar, kt. 160266-3689 f.h. Thor's Power, kt. 500715-0810, dags. 12.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Dalvegi 16b, Kópavogi. Fasteignanr. F2227635. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.69 Smiðjuvegur 9, Kópavogur – hundaskóli

Lögð fram umsókn Þórhildar Bjartmarz kt. 050357-5039, f.h. Hundalíf hundaskóli, dags. 07.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hundaskóla að Smiðjuvegi 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2065276. Endurnýjun leyfis. Eftirlitsskýrsla dags. 25.01.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþyktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.70 Kaplakriki, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.01.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Verslunarskóla Íslands kt. 441079-0609 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 23.02.2023 frá kl. 21:00-02:00 í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1400 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.


Linda Hrönn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Jóna Sæmundsdóttir


Bjarni Ingimarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

